



330. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, 16. desember 2022 kl. 12:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ.

Teams: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir.

Forföll: Ásdís Hjálmsdóttir Annerud.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá skrifstofu og fagsviðum

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir það helsta í samantekt um helstu verkefni á skrifstofu ÍSÍ og hjá fagsviðum, sem fylgdi fundargögnum stjórnar, sjá samantekt í fundargögnum.

Fundað var með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis í síðustu viku. Um var að ræða árlegan fund um verkefni og fjármál, vegna samninga við ríkið.

2. Fjármálaupplýsingar

Gunnar Bragason gjaldkeri ræddi framsetningu ársreiknings ÍSÍ.

Núverandi framsetning ársreiknings sýnir ekki nægilega skýrt heildarveltu ÍSÍ, m.a. það fjármagn sem fer í gegnum skrifstofu ÍSÍ til sambandsaðila sem hluta af tekjum og styrki sem hluta af gjöldum.

Samþykkt að breyta framsetningu ársreiknings og fjármálaráði ÍSÍ falið að skoða betur útfærslur á málinu í samráði við gjaldkera, framkvæmdastjóra og endurskoðanda.

3. Þinglýsing eignaskiptasamnings

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að loks væri búið að þinglýsa eignaskiptasamningi um Íþróttamiðstöðina í Laugardal.

Enginn lóðarsamningur er þó enn til staðar og verður áfram unnið að frágangi þess máls. Það tengist skipulagsmálum í Laugardalnum.

4. COVID styrkir

Forseti skýrði frá því að búið væri að samþykkja 450 milljón króna framlag á fjárukalögum til stuðnings íþróttahreyfingunni vegna afleiðinga COVID-19. Er það skerðing um 50 m. króna frá því sem áður hafði verið kynnt.

Unnið er að afgreiðslu mála í ráðuneytinu og er vonast til þess að útgreiðsla styrkja fari fram sem fyrst.

5. Formannafundur ÍSÍ

Rætt um nýfstaðinn Formannafund ÍSÍ sem fram fór í félagsheimili Hestamannafélagsins Fáks í Víðidal 25. nóvember sl. Almenn ánægja var með fundinn, fundarefni og umræður sem og kynningarnar sem fóru fram fyrir fundinn.

Knútur G. Hauksson vísaði í umræður á Formannafundinum um byggingu þjóðarhallar fyrir innanhússípróttir og mögulega tengingu við framtíðarhúsnæði fyrir ÍSÍ og sérsambönd ÍSÍ. Knútur kvaðst óánægður með að framkvæmdastjórn ÍSÍ sé ekki tilbúin til að skoða hvernig nýta megi þjóðarhallarbygginguna til að bæta úr húsnæðismálum fyrir ÍSÍ og sérsambönd ÍSÍ til framtíðar.

Forseti sagði þetta ekki réttan skilning og að enn væri verið að skoða möguleika á frekari nýtingu hússins. Hann skýrði frá því að í skýrslu starfshóps um þjóðarleikvang fyrir inniþróttir, sem hann átti sæti í, sem skilað var í september 2020 komi fram að starfshópurinn taldi einmitt að skoða mætti þann möguleika að öll starfsemi ÍSÍ og sérsambönd færi fram í húsinu en stækka þyrfti húsið til að sú starfsemi gæti farið fram.

Umræður urðu um málið. Forseti skýrði frá því að skýrsla framkvæmdanefndar um uppbyggingu þjóðarhallar í innanhússípróttum sé nú í kynningu hjá stjórnvöldum og verði einnig kynnt fyrir ÍSÍ. Þegar innihald hennar liggja fyrir sé rétt að skoða næstu skref.

Framkvæmdastjóri benti á að ekki er búið að ráðstafa öllu rými samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni framkvæmdanefndar. Ef tækifæri gefst fyrir einhver sérsambönd að flytja starfsemina í nýju bygginguna þá gæti skapast rými í Ípróttamiðstöðinni fyrir ÍSÍ og önnur sérsambönd.

Viðar Garðarsson hvatti alla sem koma að málinu til að halda á lofti þeirri brýnu þörf sem fyrir liggur á auknu húsnæði fyrir sérsambönd ÍSÍ. Skoða verði allar færar leiðir í þeim efnum.

6. Samstarf þriggja ráðuneyta og íþrótt- og ungmennahreyfingarinnar um verkefnið „Farsælt samfélag fyrir öll – brúum bilið”

Framkvæmdastjóri skýrði frá samstarfsverkefni þriggja ráðuneyta, Íþróttasambands fatlaðra, ÍSÍ og UMFÍ sem miðar að því að efla þátttöku fólks með fötlun í íþróttum, ekki síst barna og ungmenna. Markmiðið er að öll börn og ungmenni eigi möguleika á að taka þátt í íþróttum í samræmi við óskir þeirra og þarfir. Íþróttasamband fatlaðra er ábyrgðaraðili verkefnisins en ÍSÍ og UMFÍ eru samstarfsaðilar. Bakhjarlar verkefnisins eru félags- og vinnumálaráðuneytið, mennta- og barnamálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, Öryrkjabandalag Íslands og Proskahjálp. Alls verður 60 milljónum veitt til verkefnisins, sem er til þriggja ára.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með þetta framtak.

7. Tilnefning fulltrúa ÍSÍ í Íþróttanefnd ríkisins

Tilnefna þarf karl og konu.

Samþykkt að tilnefna Hörð Þorsteinsson og Þóreyju Eddu Elísdóttur sem fulltrúa ÍSÍ.

8. Undirbúningur fyrir 76. Íþróttahring ÍSÍ

Samþykkt að leita til Hauks Arnar Birgissonar, Gróu Bjargar Baldvinsdóttur, Hafsteins Pálssonar og Magnúsar Diege Baldurssonar um aðstoð við yfirlestur laga ÍSÍ fyrir þingið. Skoða þarf lögín með hliðsjón af ýmsum þáttum sem breyst hafa í umhverfi íþróttahreyfingarinnar á milli þinga.

9. Erindi mennta- og barnamálaráðuneytis um tilnefningu fulltrúa ÍSÍ í starfshóp um eflingu almenningsíþróttanna

Tilnefna þarf karl og konu.

Samþykkt að tilnefna Viðar Garðarsson og Hildi Karen Aðalsteinsdóttur sem fulltrúa ÍSÍ.

10. Íþróttamaður ársins 2022

Fyrirkomulag viðburðarins verður óbreytt að þessu sinni. Viðburðurinn hefst kl. 18:20 þann 29. desember nk. og fer fram í Silfurbergi í Hörpu. Framkvæmdastjórn hvött til að skrá sig á viðburðinn.

11. Heiðranir

Engar tillögur til heiðrana lágu fyrir fundinum.

12. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 329. fundur framkvæmdastjórnar
- Samantekt frá skrifstofu og sviðum
- Fundargerðir Afrekssjóðs ÍSÍ frá 5. október, 14. nóvember, 30. nóvember, 12. desember og 14. desember 2022.

Knútur G. Hauksson fylgdi úr hlaði þeim málefnum Afrekssjóðs sem framkvæmdastjórn þurfti að taka afstöðu til.

Flokkun sérsambanda

Tillaga sjóðsstjórnar um flokkun sérsambanda í A, B og C sambönd samþykkt samhljóða. Eitt sérsamband, Körfuknattleikssamband Íslands, fellur úr A flokki yfir í B flokk og eitt samband, Lyftingasamband Íslands, flyst upp úr C flokki í B flokk.

Tillaga að hlutaúthlutun

Tillaga sjóðsstjórnar um að veita styrki til sérsambanda í A og B flokki vegna ársins 2023, að undanskildu KSÍ tekin fyrir. Styrkveitingar eru með þeim fyrirvara að þær skulu endurskoðaðar þegar lokatillögur að styrkveitingum til allra sérsambanda liggja fyrir vegna ársins 2023. Tillagan hljóðar upp á úthlutun samtals 205 m. króna, sem skiptist á eftirfarandi hátt:

- Fimleikasamband Íslands (FSÍ) – 20 m.kr.
- Frjálsíþróttasamband Íslands (FRÍ) – 20 m.kr.
- Golfsamband Íslands (GSÍ) – 20 m.kr.
- Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) – 20 m.kr.
- Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) – 20 m.kr.
- Skíðasamband Íslands (SKÍ) – 20 m.kr.
- Sundsamband Íslands (SSÍ) – 20 m.kr.
- Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) – 5 m.kr.
- Blaksamband Íslands (BLÍ) – 5 m.kr.
- Badminton samband Íslands (BSÍ) – 5 m.kr.
- Dansíþróttasamband Íslands (DSÍ) – 5 m.kr.
- Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ) – 5 m.kr.

- Júdósamband Íslands (JSÍ) – 5 m.kr.
- Karatesamband Íslands (KAÍ) – 5 m.kr.
- Keilusamband Íslands (KLÍ) – 5 m.kr.
- Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) – 5 m.kr.
- Lyftingasamband Íslands (LSÍ) – 5 m.kr.
- Landssamband hestamannafélaga (LH) – 5 m.kr.
- Skylmingasamband Íslands (SKY) – 5 m.kr.
- Skotíþróttasamband Íslands (STÍ) – 5 m.kr.

Rekstur sjóðsins

Samþykkt að viðhafa sama fyrirkomulag og var vegna ársins 2022 gagnvart rekstri sjóðsins. Til reksturs fara 17 milljónir króna, sem eru um 3% af ráðstöfunarfé sjóðsins. Skiptast þær þannig að 3 m. króna fara í umsýslu sbr. samning við ríkisvaldið, 10 m. króna fara í þjónustu Afrekssviðs ÍSÍ við sjóðinn og sérsambönd og 4 m. króna til heilbrigðisteymismála í tengslum við leika og þjónustu tengdri Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ.

Niðurfellingar

Samþykkt að heimila rafræna afgreiðslu á tillögu um niðurfellingar á styrkjum, skv. minnisblaði þar að lútandi, síðar í mánuðinum. Mögulega verður kallað til Teams fundar vegna málsins á milli hátíða.

13. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

14. Næstu fundir framkvæmdastjórnar

Næsti fundur stjórnar er áætlaður 12. janúar og 9. febrúar 2023.

15. Önnur mál

Rafíþróttir

Viðar Garðarsson benti á viðtal við Rannveigu Borg Sigurðardóttur lögfræðing og nema í alþjóðlegri fíknifræði í þættinum Í bítíð. Þar kemur hún inn á alvarlega tölvufíkn og kveikjur tölvuleikjafíknar. Fáar hegðunarfíknir hafa verið viðurkenndar en tölvuleikjafíkn virðist vera á þeirri vegferð, miðað við þær upplýsingar sem komu fram í viðtalinu.

Vinnuhópur ÍSÍ um nýjar íþróttagreinar

Úlfur H. Hróbjartsson skýrði frá starfi hópsins. Það styttist í skýrsluskil og mun hún innihalda nokkrar tillögur sem framkvæmdastjórn þarf að taka afstöðu til.

Vinnuhópur um íþróttahéruð

Hörður Þorsteinsson skýrði frá því að vinnuhópurinn stefni að því að skila af sér áfangaskýrslu í janúar. Verið er að ræða hugmyndir að nýju stjórnsýslustigi á landsvísu, með hliðsjón af gömlum og nýjum hugmyndum þar að lútandi.

Að lokum afhenti forseti fundarmönnum jólagjöf frá ÍSÍ og óskaði öllum gleðilegra jóla.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari